

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1997

1. apríl 1997

467

Nr. 229

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. d. bætist við ný grein, 2. gr. e., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/97 frá 28. febrúar 1997 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96 frá 31. janúar 1996 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Um leið og EB-gerðinni verður beitt hér á landi, eftir birtingu reglugerðar þessarar í B-deild Stjórnartíðinda og gerðarinnar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, falla úr gildi e- og i-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993, með síðari breytingum, þess efnis að reglugerð nr. 2349/84/EBE, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 556/89/EBE hafi gildi hér á landi, sbr. 11. gr. EB-gerðarinnar.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. apríl 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

1. apríl 1997

Nr. 230

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. a. bætist við ný grein, 1. gr. b., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/97 frá 28. febrúar 1997 skulu eftirtaldar EB-gerðir öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem